

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands 28. okt. 2014 kl. 15 haldinn í fundarherbergi Gistihússins á Egilsstöðum. Annar fundur nýkjörinnar stjórnar á árinu 2014.

Mættir stjórnarmenn: Maríanna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Hjarðar, Kristjana Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir safnstjóri.

Safnstjóri setur fundinn

Dagskrá fundar:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður: Maríanna Jóhannsdóttir.

Varaformaður: Kristjana Björnsdóttir.

Ritari: Margrét Dögg Hjarðar.

Meðstjórnendur: Gunnhildur Ingvarsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir

2. Afsal Geirsstaðakirkju

Stjórn Minjasafns Austurlands afsalar tilgátubyggingunni Geirsstaðakirkju sem stendur í landi Litla-Bakka í Hróarstungu til Svandísar Skúladóttur Litla-Bakka í Hróarstungu, og undirritar samning því til staðfestingar.

3. Geymslumál Minjasafnsins

Fundið hefur verið húsnæði, í samráði við bæjaryfirvöld á Fljótsdalshéraði, sem geymslurými fyrir muni Minjasafnsins til viðbótar við geymslu safnsins í Safnahúsi sem rúmar ekki safnkost safnsins. Rýmið er í syðsta hluta áhaldahúss Fljótsdalshéraðs. Stjórn samþykkir að safnstjóri gangi frá leigusamningi.

4. Þjónustusamfélagið á Héraði

Stjórn sammála um að Minjasafn Austurlands gerist aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði sem kostar 30.000 kr. á ári.

5. Önnur mál

a) Stjórnin var upplýst um gang nýrrar sýningar og starfsemi safnsins.

b) Safnstjóri upplýsti stjórn um að hún hefði sótt um annað starf, sem er tímabundin ráðning til tveggja ára en svar vegna þess hefur ekki borist.

Fleira er ekki ritað og fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundargerð ritaði Margrét Dögg Hjarðar

Fundi slitið kl. 16: 30